

- 86** Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Menningarsjóð Marteinstungukirkju,  
10. ágúst útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 10. ágúst 1961.  
Skipulagsskráin er þannig:

## SKIPULAGSSKRÁ

### fyrir Menningarsjóð Marteinstungukirkju.

#### 1. gr.

Sjóðurinn heitir Menningarsjóður Marteinstungukirkju.

#### 2. gr.

Stofnfé sjóðsins eru allar eftirlátnar eigur Guðmundar Guðmundssonar frá Þjóð-  
ólfshaga í Holtahreppi, sem eru að upphæð kr. 156400.70. Sjóður þessi er stofnaður í  
samræmi við arfleiðsluskrá Guðmundar, dags. 23. júlí 1956 og tekur til starfa frá  
dánardegi hans 21. nóvember 1957.

#### 3. gr.

Tilgangur sjóðsins skal vera efling söngs og annarra menningarmála viðkomandi  
Marteinstungukirkju. Stjórn sjóðsins ákveður hverju sinni, hve miklum hluta sjóðsins  
skuli varið árlega til menningarmála. Þó skal aldrei varið minni fjárhæð til söngmála  
en helming árstekna sjóðsins.

Sjóðurinn skal vera í höndum sóknarnefndar Marteinstungukirkju og ávaxtast á  
tryggjum stað.

#### 4. gr.

Vextir af höfuðstól sjóðsins skulu lagðir við höfuðstólinn fyrstu tíu árin, sem  
hann starfar. Næstu fimm árin skal helmingur vaxtanna lagður við höfuðstól, en  
eftir þann tíma skulu tíu krónur af vöxtum sjóðsins lagður við höfuðstólinn árlega.

#### 5. gr.

Í stjórn sjóðsins skulu vera sjálfkjörnir sóknarprestur og sóknarnefnd Marteins-  
tungukirkju. Skal stjórnin ávaxta fé sjóðsins á tryggn hátt og sjá um reiknings-  
hald hans.

#### 6. gr.

Ef Marteinstungukirkja verður lögð niður, ákveður stjórn sjóðsins, hvernig fé  
hans skuli varið framvegis.

#### 7. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari og hún birt í  
B-deild Stjórnartíðinda.

Marteinstungu, 6. ágúst 1961.

Í sóknarnefnd Marteinstungukirkju

Benedikt Guðjónsson,  
form.

Dagbjartur Gunnarsson,  
fjárhaldsm.

Sigurjón Sigurðsson.